

Rannsóknastofnun í hjúkrunarfræði við Háskóla Íslands og Landspítala

Doktorsvörn Ástu St. Thoroddsen, dósent



Ásta St. Thoroddsen
Dósent í hjúkrunarfræðideild HÍ

Ásta St. Thoroddsen varði doktorsritgerð sína við Örebro háskóla þann 11. október síðastliðinn. Leiðbeinendur hennar voru Margareta Ehnfors, PhD, FAAN, prófessor við School of Health and Medical Sciences, Örebro, Svíþjóð og Anna Ehrenberg, PhD, prófessor við School of Health and Social Studies, Dalarna University, Falun, Svíþjóð og School of Health and Medical Sciences, Örebro University, Svíþjóð.

Doktorsrannsókn Ástu samanstóð af 3 rannsóknum, þar sem kannað var notagildi, innihald, nákvæmni, umfang og samkvæmni gagna í hjúkrun sem skráð voru með stöðluðu fagmáli í sjúkraskrár.

Í rannsókn A svöruðu 198 hjúkrunarfræðingar spurningarlista um hvort og hve oft þeir

notuðu hjúkrunarmedferðir í klínískri vinnu skv. flokkunarkerfinu Nursing Interventions Classification (NIC). Rannsókn B var matsrannsókn með þverskurðarsniði þar sem sjúkraskrár voru rannsakaðar fyrir (n=355) og eftir innleiðingu á stöðluðu hjúkrunarfagmáli (n=349 og n=304) á legudeildum Landspítala. Rannsókn C var afturvirk rannsókn á 45 sjúkraskrár sjúklinga sem greinst höfðu með þrýstingssár.

Hjúkrunarfræðingar álitu NIC flokkunarkerfið nýttast í hjúkrun. Í kjölfar innleiðingar á stöðluðu hjúkrunarfagmáli jókst og batnaði skráning allra þátta hjúkrunarferlisins á legudeildum. Unnt var að greina sérgreinar hjúkrunar út frá tengslum milli hjúkrunargreininga og meðferða þegar

staðlað fagmál var notað. Staðlað fagmál bætti hjúkrunarinnihald í hjúkrunaráætlunum, sérstaklega í rafrænum hjúkrunaráætlunum. Sjúkraskrár reyndust ekki vera áreiðanleg heimild er varðar þrýstingssár hjá sjúklingum, þar sem skorti nákvæmni, umfang og samkvæmni. Ályktað er að bæta megi klíniska skráningu á vettvangi þegar uppbygging hjúkrunarferlisins er notuð ásamt stöðluðu hjúkrunarfagmáli og þekkingu komið á framfæri með upplýsingatækni til að styðja við klíniska ákvarðanatöku í hjúkrun.

Ásta mun halda opinberan fyrirlestur um doktorsverkefni sitt í Hátíðarsal Háskóla Íslands, Aðalbyggingu þann 29. október kl. 15.30-16.30

Helga Gottfreðsdóttir, dósent, tekur þátt í evrópsku rannsóknaverkefni



Helga Gottfreðsdóttir
Dósent í ljósmóðurfræði við HÍ

Helgu Gottfreðsdóttur, dósent við hjúkrunarfræðideild HÍ -námsbraut í ljósmóðurfræði, hefur verið boðið að taka þátt í Cost verkefni Evrópusambandis. Verkefnið, sem nefnist á ensku *Childbirth Cultures, Concerns and Consequences: Creating a Dynamic EU Framework for Optimal Maternity Care*, er umfangsmikið samstarfsverkefni með 14 þátttökulöndum.

Gott heilsufar mæðra og ungbarna er mikilvægt fyrir velferð samfélagsins. Í löndum Evrópu er hugmyndafræði heilbrigðisþjónustunnar mismunandi, aðgengi að þjónustunni og skipulag hennar er breytilegt svo og innleiðing ýmissa tækninýjunga og mat á árangri. Megintilgangur verk-

efnisins er að auka þekkingu á því hvað er líklegast til að skila betri útkomu í þjónustu við verðandi mæður, nýorðnar mæður og fjölskyldur í Evrópu með því að skilgreina þætti sem skila góðum árangri í hverju samfélagi fyrir sig. Mikilvægi þátttöku í slíku verkefni víkkar sjónarhorn okkar á því hvernig árangur og mat á barneignarþjónustu í heilbrigðiskerfinu er metinn. Sú hugmyndafræði sem verkefnið byggir á er nýstárleg og getur leitt til víðari skilnings á gagnsemi ýmissa tækninýjunga á þessu sviði. Einkum er horft til þriggja þátta í verkefninu; fösturgreining á meðgöngu, inngríp í fæðingafæri hjá heilbrigðum konum og þjónustu við erlendar konur í kringum barneign.

COST (European Cooperation in the field of Scientific and Technical Research) er almennur rammi um samstarf á sviði vísinda- og tæknirannsókna. COST miðar fyrst og fremst að því að evrópskar vísindastofnanir byggji upp samstarfsnet á ákveðnum rannsóknarsviðum. Þátttakendur í COST-netverkum skiptast á reynslu og niðurstöðum með skipulegum hætti (fundir, ráðstefnur o.fl.) og stuðla þannig að betri árangri á viðkomandi sviði. Hægt er að fræðast meira um COST á heimasíðu Rannis www.rannis.is

Styrkir úr Rannsóknasjóði Ingibjargar R. Magnúsdóttur

Á degi Hjúkrunarfræðideildar, sem haldinn var 1. október s.l., voru veittir þrír styrkir til doktorsnema í hjúkrunarfræðum úr Rannsóknasjóði Ingibjargar R. Magnúsdóttur. Styrkhafarnir eru Ingibjörg Hjaltadóttir, lektor við Hjúkrunarfræðideild HÍ, Ásta St. Thoroddsen, dósent við Hjúkrunarfræðideild HÍ og Anna Ólafía Sigurðardóttir, klínískur lektor og sérfræðingur í hjúkrun á Landspítala. Heildarupphæð styrkjanna nemur einni milljón króna. Þetta er í þriðja sinn sem úthlutað er úr sjóðnum en hann var stofnaður við

Háskóla Íslands í júní árið 2007.

Rannsóknasjóður Ingibjargar R. Magnúsdóttur vinnur að því að efla rannsóknir í hjúkrunar- og ljósmóðurfræðum og veitir sjóðurinn styrki til rannsóknaverkefna doktorsnema. Ingibjörg R. Magnúsdóttir hjúkrunarfræðingur og stofnandi sjóðsins, er fyrrverandi námsbrautarstjóri í hjúkrunarfræði við Háskóla Íslands og skrifstofustjóri í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu. Ingibjörg hefur verið einn ötulasti talsmaður þróunar hjúkrunarmenntunar á Íslandi og var ein þeirra sem stóð að

stofnun námsbrautar í hjúkrunarfræði við Háskóla Íslands árið 1973.

Rannsóknasjóðurinn er fyrst og fremst styrktur með sölu minningarkorta og gjafafé og hægt er að styrkja sjóðinn með því að hafa samband við rsh@hi.is eða í síma 525-5280.

Hægt er að lesa meira um doktorsverkefnið á [heimasíðu Rannsóknastofnunar í hjúkrunarfræði](#)



Ingibjörg R. Magnúsdóttir ásamt styrkþegum Ingibjörgu Hjaltadóttur og Önnu Ólafíu Sigurðardóttur. Á myndina vantar Ástu St. Thoroddsen

Rannsóknastofnun í hjúkrunarfræði heyrir undir hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands. Stofnunin er sjálfstæð með eigin reglur og sérstaka stjórn. Hlutverk stofnunarinnar er m.a. að styðja við og efla rannsóknir kennara við hjúkrunarfræðideild og hjúkrunarfræðinga og ljósmæðra við Landspítala.

Í stjórn RSH sitja:
Sóley S. Bender,
formaður
Rúnar Vilhjálmsson
Auðna Ágústsdóttir
Sigríður Gunnarsdóttir

Starfsmenn RSH:
Sólfríður Guðmundsdóttir
Guðný Bergþóra
Tryggvadóttir
Sigrún Ólafsdóttir

Ritstjóri Rannsóknafréttar:
Sigrún Ólafsdóttir
Eirbergi, Eiríksgötu 34
101 Reykjavík
Sími: 525 5280
Netfang: rsh@hi.is

Næst á dagskrá hjá RSH

20. október: Kynningar á loka-
verkefnum meistaranema
25. október: Málstofa Margrét Sig-
mundsdóttir: Mikilvægi leiðsagnar í
verklegu námi hjúkrunarfræðinema.
8. nóvember: Málstofa Birna Gerður
Jónsdóttir. Viðhorf og reynsla erlendra
kvenna af barneignarþjónustu á Íslandi
27. nóvember: Málstofa Anna Björg
Aradóttir og Laura Scheving Thor-
steinsson. Öryggi sjúklinga - rannsókn
á tíðni óvæntra skaða á LSH og FSA
3. desember. Málþing fræðasviða
hjúkrunarfræðideildar.